

## Gjaldskrá Aðalmarkaðar

### Gjaldskrá útgefenda verðbréfa sérhæfðra sjóða (AIF)

Fjárhæðir í ISK án VSK

#### Gjald vegna töku til viðskipta

Fast gjald vegna töku verðbréfa til viðskipta er innheimt við móttöku umsóknar. Gjaldið er óafturkræft og fyrnist eftir þrjá mánuði.

Gjöld sem tilgreind eru í gjaldskránni eru lágmarksgjöld. Ef vinna við töku verðbréfa til viðskipta reynist umfangsmeiri en eðlilegt getur talist greiðist álag samkvæmt viðmiðum Kauphallarinnar hverju sinni. Útgefanda er gerð grein fyrir gildandi viðmiðum fyrir töku verðbréfa til viðskipta.

	Krónur
Fast gjald vegna töku til viðskipta	1.326.000
Markaðstengt gjald vegna töku til viðskipta	0,01%
Fast gjald fyrir hverja breytingu á nafnverði	174.500
Markaðstengt gjald vegna hækkunar á nafnverði	0,03%

#### Árgjöld

Árgjöld eru innheimt í lok árs og skiptast í fast gjald og markaðstengt gjald. Markaðstengdi hlutinn er reiknaður ársfjórðungslega út frá markaðsvirði í lok hvers ársfjórðungs og er vægi hvers ársfjórðungs 1/4 hluti gjaldsins (þ.e. 0,001%). Ef ekki hafa orðið verðmyndandi viðskipti með bréfin innan ársfjórðungs, þá er miðað við nýjasta birta innra virði sjóðsins í lok viðkomandi ársfjórðungs.

Fyrir þann mánuð sem sérhæfður sjóður er tekinn til viðskipta greiðist fast gjald og markaðstengt gjald.

Fyrir þann mánuð sem sérhæfður sjóður er tekinn úr viðskiptum greiðist einungis fast gjald.

	Krónur
Fast gjald, hver sjóður	884.000
Markaðstengt gjald (hlutfall af markaðsvirði)	0,004%

#### Önnur gjöld

	Krónur
Breyting á nafni og/eða auðkenni	329.000
Taka verðbréfa sérhæfðs sjóðs úr viðskiptum að beiðni útgefanda	493.000
Sérþjónusta, gjald á klst.	30.800